

Fimmtudaginn 19. mars 1992.

Nr. 141/1989. **Skipaviðgerðir hf.**

(Jón Hjaltason hrl.)

gegn

Sigfúsi Sveinssyni

(Sigurður Georgsson hrl.).

Ómerking. Heimvísun. Meðdómendur. Matsmenn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 17. apríl 1989. Hann gerir þær dómkröfur aðallega, að hann verði að fullu sýknaður af kröfum stefnda og stefndi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst áfrýjandi þess, að dæmdar kröfur verði stórlega lækkaðar og málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti felldur niður.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, þó með breytingu á ákvörðun vaxta. Til vara gerir stefndi þá kröfu, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur þannig, að heildarbætur miðað við slysdag verði ákveðnar 1.062.577 krónur auk vaxta.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt. Meðal þeirra eru álitserðir tveggja matsmanna, sem dómkvaddir voru að ósk áfrýjanda eftir uppsögu héraðsdóms. Ekki er fram komið, að við meðferð máls þessa í héraði hafi verið rætt um nauðsyn þess að fá dómkvadda matsmenn eða að sérfróðir meðdómendur yrðu kvaddir til.

Í matsbeiðni áfrýjanda til bæjarfógetans í Vestmannaeyjum hinn 10. nóvember 1989 segir svo meðal annars: „Er þess óskað, að hinir dómkvöddu menn yfirfari málsgögn um slysið og skili rökstuddri álitserð, hvernig þeir telji slys þetta hafa orðið, og sérstaklega taki þeir afstöðu til, hvort umrætt slys hefði getað viljað til með þeim hætti, sem greinir í niðurstöðu héraðsdóms.“

Hinir dómkvöddu matsmenn skiluðu hvor fyrir sig sérstakri álitserð. Ályktanir í þeim fara í bága við forsendur, sem á er byggt í hinum áfrýjaða dómi. Matsmennirnir hafa ekki komið fyrir dóm

til þess að staðfesta skýrslur sínar eða fjalla nánar um efni þeirra. Í bréfi lögmanns stefnda til lögmanns áfrýjanda 24. febrúar 1990 var því lýst yfir, að matsgerðunum myndi ekki verða mótmælt sem óstaðfestum. Í bréfinu sagði enn fremur: „Ég tek þó fram, að umræddum matsgerðum er mótmælt sem röngum, vilhöllum og að engu hafandi, enda hygg ég, að einsdæmi sé, að tveir dómkvaddir matsmenn skili ósamræmanlegum niðurstöðum um eitt og sama álitaefnið. Ég tel einnig matsbeiðnina andstæða réttarfarsreglum um tvö dómstig og þegar af þeirri ástæðu sem mötin (sic) séu að engu hafandi.“

Í máli þessu er deilt um það, hvort bilun eða galli í búnaði áfrýjanda hafi getað orsakað umrætt slys. Sérstök rannsókn fór ekki fram af hálfu Vinnueftirlits ríkisins og rannsókn af hálfu lög-reglu ekki fyrr en rúmum þremur árum eftir slysið. Eins og hér hátt-aði til, bar nauðsyn til þess, að héraðsdómari kveddi til sérfróða meðdómendur, sbr. 1. mgr. 37. gr. A laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Samkvæmt framansögðu verður að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð frá og með aðalflutningi 16. febrúar 1989 og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Rétt þykir, eins og mál þetta er lagt fyrir Hæstarétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð frá og með 16. febrúar 1989 eiga að vera ómerk, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu dóms að nýju.

Áfrýjandi, Skipaviðgerðir hf., greiði stefnda, Sigfúsi Sveins-syni, 25.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Vestmannaeyja 17. mars 1989.

I. Dómkröfur o.fl.

Mál þetta, sem dómtekið var 16. f.m. að undangengnum munnlegum málflutningi, er höfðað hér fyrir bæjarþinginu af Sigfúsi Sveinssyni, nnr. 7543-8591, kt. 190541-4289, Kambaseli 54, Reykjavík, á hendur Skipavið-

gerðum hf., nnr. 8164-7364, kt. 590260-6459, Friðarhöfn, Vestmannaeyjum, og eru endanlegar dómkröfur stefnanda sem hér greinir:

„1. Að stefndi greiði stefnanda 2.272.482 kr. auk [nánar tilgreindra vaxta og málskostnaðar].“

Af hálfu stefnda, Skipaviðgerða hf., eru gerðar eftirfarandi dómkröfur:

„Aðallega, að stefndi verði algjörlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnandi verði dæmdur til að greiða málskostnað að fullu að skaðlausu, þar með talin full málfærslulaun ásamt hæstu vöxtum, er hverju sinni er heimilt að dæma af málskostnaði, reiknuðum 15 dögum eftir uppkvaðningu dóms til greiðsludags, en til vara, að dómkröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður felldur niður.“

— — —

Jón Ragnar Þorsteinsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan, en dómsuppsaga hefur dregist nokkuð vegna veikinda dómarans og aðkallandi dómstarfa hans í opinberum málum.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Skipaviðgerðir hf., kt. 590260-6459, greiði stefnanda, Sigfúsi Sveinssyni, kt. 190541-4289, 1.400.000 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum].

Stefndi greiði stefnanda 285.000 kr. í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.